



Reykjavík, 4. júní 2024  
SFS24060020

## TILLAGA

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

### ***Tillaga sviðstjóra skóla- og frístundasviðs um breytingu á fjölda barna í leikskólanum Miðborg***

Lagt er til að fjöldi barna í leikskólanum Miðborgar verði breytt í 161 barn úr 118 börnum.

#### **Greinargerð**

Leikskólinn Miðborg er sameinaður leikskóli í þremur húsum með leyfi fyrir 118 börn. Fjöldi barna skiptist eftir húsum þannig að í Miðborg – Barónsborg við Barónsstíg 70 eru 32 börn á tveimur deildum, í Miðborg – Lindarborg við Lindargötu 26 eru 54 börn á þremur deildum og í Miðborg – Njálzburg við Njálsgötu 9 - 11 voru 32 börn á einni deild.

Þann 20. mars 2023 samþykkti skóla- og frístundaráð að leggja niður Miðborg – Njálzburg og skila húsnæði leikskólans við Njálsgötu 9 - 11 til fjármála- og áhættustýringarsviðs. Við það lækkaði hámarksfjöldi barna í Miðborg úr 118 börnum í 86 börn.

Áætlað er að opna nýtt húsnæði leikskólans á lóð Vörðuskóla við Barónsstíg 34 sem mun ganga undir nafninu Miðborg – Vörðuborg í ágúst næstkomandi. Þar verður pláss fyrir 75 börn frá 12 mánaða aldri til 6 ára.

Við þessa stækkun er óskað eftir að heimilt verði að vera með 161 barn í leikskólanum.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð var upplýst um áform til að opna nýtt húsnæði á lóð Vörðuskóla fyrir all nokkru síðan. Á fundi þann 7. júní sl. var svo farið ýtarlega yfir stöðu mála. Foreldráð telur sig hafa verið upplýst á fullnægjandi hátt og gerir engar athugasemdir við áformin.

Fyrir hönd foreldraráðs:

Amer C. Egilsson



**Reykjavík**